

**Ed.**

**788. Breytingartillögur**

**[211. mál]**

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. lög nr. 13/1979, um breyting á þeim lögum.

Frá Lárusi Jónssyni.

1. 4. gr. frumvarpsins orðist svo:

8. gr. laganna, sbr. 59. gr. laga nr. 13/1979, orðist svo:

Þegar samkeppni er nægileg til þess að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnit verðlag skal verðlagning vera frjáls. Nú er verðlagning frjáls og getur verðlagsstofnun þá skyldað hlutaðeigandi aðila til að tilkynna stofnuninni verðhækkanir.

Reynist samkeppni takmörkuð, eins og nánar er tilgreint í IV. kafla, eða samkeppni er ekki nægileg til að tryggja sanngjarnit verðlag eða horfur eru á ósanngjarnri þróun verðlags og álagningar, getur verðlagsráð ákveðið eftirtaldar aðgerðir til að ná því takmarki sem getur í 1. gr.:

1. Hámarksverð og hámarksálagningu.

2. Gerð verðútreikninga eftir nánar ákveðnum reglum.

3. Verðstöðvun í allt að sex mánuði í senn.

4. Aðrar reglur um verðlagningu og viðskiptakjör, sem verðlagsráð telur nauðsynlegar hverju sinni.

2. Ný grein (5. gr.) komi á eftir 4. gr. og orðist svo:

12. gr. laganna, sbr. 60. gr. laga nr. 13/1979, hljóði svo:

Verðákvæðanir samkvæmt 8. gr. skulu miðaðar við afkomu fyrirtækja, sem rekin eru á tæknilega og fjárhagslega hagkvæman hátt og nýta eðlilega afkastagetu.

Verð og álagningu má ekki ákvarða lægri en svo, að fyrirtæki þeirrar tegundar, er í 1. mgr. getur, fái greiddan nauðsynlegan kostnað við innkaup eða endurinnkaup vörur, framleiðslu, aðflutning, sölu, flutning ásamt afskriftum, svo og sanngjarnan hreinan hagnað, þegar tekið er tillit til áhættunnar við framleiðslu vörurnar og sölu.